



Varðandi: Skiltamál á Akranesi

Málsnúmer: 1706144

Dagsetning: 27. júní 2017

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að veita kr. 2.000.000 vegna kostnaðar við upplýsingaskilti á Akraneshöfn og þriggja vegvísa sem staðsettir verða á Akraneshöfn, á Akratorgi og við Faxatorg.

Fjármununum verður ráðstafað af liðnum 20830-4995.

GREINARGERÐ: Með tilkomu Akranesferjunnar og aukningu ferðamanna til Akraness er mikil þörf á að setja upp fleiri upplýsingaskilti sem og vegvísa fyrir gesti um staðfestingu helstu áningastaða á Akranesi.

Tillaga vegna ársins 2017 er eftirfarandi:

A. Nýtt upplýsingaskilti

Árið 2016 var sett upp nýtt upplýsingaskilti við innkomuna á Akranes. Hugmyndin er að setja upp sambærilegt skilti á Akraneshöfn. Staðsetningin tengist siglingum Sæferða og að gestir geti nálgast upplýsingar um Akranes með sem auðveldasta hætti. Fyrirtækjum á Akranesi verður boðið að kaupa auglýsingu á skiltið líkt og gert var með skiltið hjá Hausthúsatorgi. Alls verða 10 auglýsingar í boði og hvert „svæði“ selt á kr. 25.000.

Staðsetning skiltisins er fyrirhuguð við Semenstssílóin þannig að gestir sjái skiltið þegar við komu á bryggjuna úr ferjunni og er staðsetning miðuð við að gestir átti sig strax á göngustígnum sem liggur að Akratorgi. Kostnaður við uppsetningu skiltisins er um það bil kr. 750.000 og árlegar tekjur gætu verið kr. 250.000.

B. Vegvísar



Akraneskaupstaður

Lagt er til að setja niður þrjá vegvísa á árinu 2017. Tvo vegvísa sem vísa á áningastaði á Akranesi, þ.e. Akranesvita, Byggðasafnið, Akratorg, Langasand og Akrafjall og verða staðsettir annars vegar við biðskýlið á Akraneshöfn og hins vegar við Faxatorg. Einn vegvísir sem vísar á vinabæi Akraness og verður staðsettur á Akratorgi og gæti verið vígður á vinabæjarmótinu sem haldið verður á Akranesi daganna 5.-9. júlí næstkomandi. Vegvísarnir verða svartir að lit með hvítum störfum og mynd sem gefur til kynna um staðinn sem verið er að vísa til. Staurarnir verða pólýhúðaðir líkt eins og þeir staurar sem eru á Akratorgi. Heildarkostnaður við þrjá vegvísa er u.þ.b. kr. 1.350.000.

C. Fylgigögn tillögunnar eru eftirfarandi:

- Ljósmynd af upplýsingaskilti við Hausthúsatorg.
- Ljósmynd af staðsetningu skiltis á Akraneshöfn.
- Yfirlitsmynd af staðsetningu vegvísir við Faxatorg.
- Ljósmynd af staðsetningu vegvísir við biðskýlið.
- Yfirlitsmynd af staðsetningu vegvísir við Akratorg.
- Sundurliðuð kostnaðaráætlun.

Virðingarfyllst,

Sædis Alexía Sigurmundsdóttir,
verkefnastjóri